

# Boðskort



Skátafélagið Hraunbúar býður þér og fjölskyldu þinni að fræðast um skátastarf á skráningardegi skáta í Hraunbyrgi laugardaginn 27. ágúst. Við bjóðum uppá fróðleik, skemmtun og grill.

*Dagskrá*

Kl. 14-16

Upplýsingar og skráning, grill, opinn klifurveggur, poppað á eldi.

Kl. 16-17

Kvöldvökustemming. Gítar og söngur að skátasið.

Skátafélagið Hraunbúar • Hjallabraut 51 • 220 Hafnarfirði • 565-0900  
hraunbuar@hraunbuar.is • www.hraunbuar.is

*Komdu og fáðu að vita  
allt um skátastarfið!*



# Skátastarf er...

## Lífsleikni

Í skátunum lærir skátinn að takast á við fjölbætt vandamál og öðlast alhliða þroska.

## Alþjóðlegt

Í skátastarfinu ert þú meðlimur í alþjóðahreyfingu skáta. Á hverju ári fer fjöldinn allur af skátum á erlend skátamót og er í samskiptum við erlenda skáta með aðstoð netsins. Skátastarf fer fram í 216 þjóðlöndum í öllum heimsálfum. Í dag eru meira en 45.000.000 félagar, af báðum kynjum, starfandi í heiminum.

## Ævintýri

Starfið fer að miklu leyti fram í umhverfi sem gefur tækifæri til þess að fá útrás fyrir athafnaþörf, sköpunargleði og ævintýraþrá. Áhersla er lögð á næturleiki, frumbyggjastörf, vatnasafarí, gróðursetningu, varðelda og kvöldvökur.

## Útilíf

Áhersla er lögð á útiveru, íþróttir, fjallgöngur, helluferðir, umhverfisvernd, sig og klifur

## Hópastarf

Allir eru með í fjörinu og læra eitthvað nýtt og spennandi. Í skátastarfi eru engir varamenn eða áhorfendabekkir. Áhersla er lögð á skyndihjálp, rötun, hnúta, tjöldun, náttúruskoðun og ferðamennsku.